

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, frístundabyggð í landi Sunnuhvols, Dals og Grenivíkur, Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að 24 ha svæði í landi Sunnuhvols, Dals og Grenivíkur breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 23. maí 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2006